

33. Frumvarp

til laga um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

I. KAFLI

Um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð stærð og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu vera og hve margir á hverjum stað. Hann setur nánari reglur um starf þeirra, réttindi og skyldur, eftir því sem þurfa þykir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, er skipstjóra frjálst, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, en ráðherra er heimilt þegar nauðsyn þykir að fyrirskipa leiðsöguskyldu fyrir skip á ákveðnu svæði.

2. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn og vikur þeim frá. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir samkvæmt sérstökum lögum, en um réttindi þeirra til leiðsögu um stærri svæði ákveður ráðherra.

3. gr.

Löggiltur leiðsögumaður skal fylla þau skilyrði, sem hér segir:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari, minnst 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, góða heilsu, sjón og heyrn.

2. Vera vanur sjómaður, reglusamur og gættinn og helzt hafa tekið stýrimannspróf.
3. Vera kunnur stjórn stórra skipa, þekkja erlend flögg, allsherjar siglingareglur, allsherjarreglur um ljós- og hljóðbendingar skipa og neyðarmerki, notkun sjókorta og áttavita.
4. Vera nákunnugur siglingaleiðum, straumum, sjávarföllum, grynningum, skerjum, boðum, skipalegum, miðum, ljósum, duflum og öðrum siglingamerkjum, allt á leiðsögusvæði sínu.
5. Kunna nokkuð í útlendum málum, séstaklega ensku og einu Norðurlandamáli.
6. Kunna að leggja skipi að bryggju og báti að skipsflið.
7. Vera nákunnugur öllum reglum fyrir leiðsögumenn og hafnarreglugerðum á svæði sínu.
8. Vera kunnur löggjöf um tolla og gjöld skipa og um sóttvarnareglur þeirra.

4. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn eins marga og þurfa þykir. Eru þeir skipaðir um óákveðinn tíma, en 5. hvert ár skulu þeir leggja fram læknisvottorð um heilsu, sérstaklega sjón og heyrn. Nú er slíkt vottorð ekki talið fullnægjandi, eða aðrar ástæður valda, að leiðsögumaður er ekki talinn fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, og er þá ráðherra heimilt að afturkalla skipun hans. Þar sem hafnarnefnd er, fer skipun leiðsögumanna og afturköllun hennar fram að fengnum tillögum nefndarinnar, sbr. þó. 2. gr. Á öðrum stöðum skulu fengnar tillögur hreppsnefndar og umsögn sýslumanns.

II. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiðsögumanna.

5. gr.

Leiðsögumenn eru skyldir til að vera toll- og heilbrigðisstjórn hjálplegir í starfi þeirra eftir föngum. Þeir skulu og tafarlaust gera vitamálastjóra aðvart um allt sem ábótavant eða skakkt er í vitum, leiðarmerkjum svo og allar torfærur og tálmanir siglingum skipa.

6. gr.

Leiðsögumenn hafa yfirleitt einir heimild til að vísa skipum leið fyrir borgun hver á sínu svæði. Ráðherra setur gjaldskrá um störf þeirra og hirtir hana í Stjórnartíðindum. Skulu leiðsögumenn ávallt hafa hana með sér þegar þeir eru að leiðsögustarfi. Nú óskar skipstjóri að fá leiðsögumann út fyrir leiðsögusvæði hans og ber honum þá að semja sérstaklega við leiðsögumanninn um þóknun fyrir þann hluta leiðsögunnar. Komi skipið í ferð sinni inn á svæði annars leiðsögumanns, ber skipstjóra að kalla til leiðsögumann svæðisins, nota aðstoð hans innan þess og greiða honum eftir gjaldskrá.

7. gr.

Á hverjum leiðsögustað skulu venjulega vera a. m. k. 2 lögskipaðir leiðsögumenn, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera viðbúinn að veita skipi leiðsögu, ef á þarf að halda. Eldri eða elzti leiðsögumaðurinn að starfsaldri eða sá, sem ráðuneytið hefir tilnefnt, er talinn leiðsöguformaður á staðnum og ákveður í hvert skipti, hver skuli veita leiðsögu, sem beðið er um. Ef óskað er, má þó fela þessa yfirstjórn leiðsögu- og hafnsögumanna á ákveðnu svæði hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar.

8. gr.

Nú gefur skipstjóri merki um, að hann óski að fá leiðsögumaðann, en enginn kemur og skal þá öðrum manni, sem telur sig nægilega kunnugan starfinu, heimilt að bjóða að visa skipi leið þangað til leiðsögumaður er kominn, en honum ber þegar í stað að benda skipstjóra á, að hann sé ekki lögskipaður leiðsögumaður, og skipstjóra ber að sýna leiðsögumerkið þótt sá, er aðstoð sina bauð, sé kominn á skipsfjöl, og ber hinum kunnuga manni að láta af leiðsögu þegar leiðsögumaður er kominn á skip. Nú vanrækir hinn ólöggilti maður að gera skipstjóra aðvart um að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður og varðar það sektum samkvæmt 27. gr. Nú dregur skipstjóri niður leiðsögumerkið meðan hinn kunnugi maður er um borð, enda þótt hann viti að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum. Meðan hinn ólöggilti maður er á skipinu, skal bæði hann og skipstjóri hafa gát á hvort hinn löggilti leiðsögumaður sé í nánd og taka hann á skipsfjöl eins fljótt og unnt er. Tekur hann þá þegar við leiðsögunni, en hið löghoðna leiðsögugjald skiptist milli beggja hlutfallslega eftir vegalengd. Skipstjóra er heimilt að notfæra sér þekkingu þeirra skipverja, sem eru kunnugir siglingum á sérstökum svæðum.

9. gr.

Enginn leiðsögumaður má visa skipum leið á öðru leiðsögusvæði en sínu eigin, nema ef ekki næst í leiðsögumenn þess. Leiðsögumanni er þó heimilt með leyfi skipstjóra að vera áfram í skipi, sem hann hefir veitt leiðsögu, og að veita því leiðsögu í bakaleið þangað, sem hann byrjaði. Annars mega leiðsögumenn ekki taka að sér leiðsögu til haka nema í samráði við leiðsögumenn svæðis síns, eða engir leiðsögumenn séu þar fánlegir.

10. gr.

Leiðsögumenn fá þóknun fyrir leiðsögustörf sín eftir gjaldskrá er ráðherra semur. Leiðsögumenn skulu sjálfir sjá sér fyrir farartæki út í skip, en þar sem hafnarsjóður er, skal leiðsögumaður hafa aðgang að farkosti hafnarinnar til þess, að svo miklu leyti, sem það er hægt vegna annara starfa bátanna.

III. KAFLI

Um leiðsögu.

11. gr.

Leiðsögumenn skulu hafa gætur á skipum sem nálgast, og veita því nákvæma athygli, hvort þau sýna hið alþjóðlega merki um að þau óski leiðsögu. Skal leiðsögumaður fara út í skip það, er leiðsögu heiðist, eins fljótt og ástæður leyfa. Nú koma fleiri en eitt skip samtímis og tekur þá hver leiðsögumaður sitt skip, en að jafnaði skal það skip tekið fyrst, sem næst er komið aðsetri leiðsögumanns.

12. gr.

Skipstjóri, sem vill fá leiðsögumann, skal í tæka tíð sýna hið fyrirskipaða alþjóðaleiðsögumerki, en það skal taka burtu þegar er leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl.

Nú vill skipstjóri fá leiðsögumann er hann leggur úr höfn og skal hann þá beiðast þess í tæka tíð hjá leiðsögumanni eða leiðsöguformanni þar.

13. gr.

Ráðherra lætur gera hæfilega mörg einkennismerki handa leiðsögumönnum og skal afhenda hverjum leiðsögumanni eitt slíkt merki um leið og hann er skipaður í stöðuna. Leiðsögumaður skal, meðan hann er að starfi sínu, hafa þetta leiðsögumerki hjá sér; skal hinn löggilti hafnsögufáni hafður uppi á hátnum sem flytur leiðsögumanninn. Ennfremur skal starfandi leiðsögumaður hafa með sér gjaldskrá og reglur, sem settar eru um leiðsögu.

14. gr.

Skipstjóri, sem gefið hefir leiðsögumerki, skal stýra skipi sínu þannig, að leiðsögumaður komi sem fljótast og hægst upp í það.

Nú kemst leiðsögumaður ekki í skip, og skal hann þá fara á undan á hát sínum og gefa með bendingum merki um hvernig skipi skuli stýrt.

15. gr.

Þegar leiðsögumaður er kominn í skip til þess að veita því leiðsögu, ber honum fyrst að leita sér upplýsinga um hve djúpt skipið ristir og um brúttóstærð þess, og síðan um annað, sem nauðsynlegt er fyrir hann að vita. Jafnframt ber honum að leita upplýsinga um hvort eldfim efni eða sprengiefni séu í skipi. Þegar nálgast höfn, ber honum að kynna skipstjóra þau ákvæði hafnarreglugerðar, sem gæta skal við innsiglingu á höfnina. Nú gefur skipstjóri rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og ber hann þá sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða, sem skipið kann að verða fyrir vegna þess.

16. gr.

Á skipinu fær leiðsögumaður, auk lögákveðins eða umsamins gjalds, ókeypis fæði, og skal hann auk þess eiga kost á viðunandi hvíldarstað til af-

nota, þegar timi og ástæður leyfa. Nú óskar leiðsögumaður að hafa mann með sér til aðstoðar á skipinu og fær þá sá maður einnig ókeypis fæði og hvíldarstað, en ekkert kaup.

Að jafnaði skal skipstjóri, þegar leiðsögumaður óskar þess, hafa bát hans í eftirdragi og lána kaðla til þess. Nú stendur svo á að það er ekki hættulaust fyrir skip eða bát að hafa leiðsögumannsbát í eftirdragi og skal þá skipstjóra heimilt að neita að taka hann, en verður þá að bæta leiðsögumanni þann aukakostnað, sem hann verður fyrir vegna þess.

17. gr.

Leiðsögumaður ber ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann segir fyrir um stjórn skipsins og gætir þess, að allt sé framkvæmt sem nauðsynlegt er til þess að skipið komist leiðar sinnar óskemmt og án óþarfra tafa.

Leiðsögumaður hefir ekki vald til þess að gefa skipshöfninni fyrirskipanir, en ef sá sem fyrirskipunarvaldið hefir, framkvæmir ekki hæfilega fljótt það sem leiðsögumaður segir fyrir um stjórn skipsins, verður leiðsögumanni ekki gefin sök á því, sem af því hlýzt.

Skipstjóra er skylt að láta halda vörð meðan leiðsögumaður er í skipi. Sé þess ekki gætt, eða skipstjóri gerir ekki leiðsögumanni aðvart í tæka tíð, ef hætt er við árekstri, ber leiðsögumaður enga ábyrgð á skaða, sem kann að verða vegna árekstrar.

18. gr.

Nú sér leiðsögumaður ekki vita, sjómerki eða önnur siglingamerki vegna myrkurs, dimmviðris eða annara slikra ástæðna, eða skipið lætur ekki vel að stjórn svo að leiðsögumaður treystir sér ekki til að veita skipinu örugga leiðsögu af þessum eða öðrum ástæðum, sem hann ber eigi ábyrgð á, t. d. að hann telur sjávardýpið ekki nægilegt, og skal hann þá tilkynna skipstjóra það. Vilji skipstjóri þrátt fyrir það fá leiðsögu hans, skal leiðsögumaður í viðurvist minnst tveggja skipverja lýsa því yfir, að hann geti ekki með fullu öryggi veitt skipinu leiðsögu, og fer þá leiðsagan fram án ábyrgðar fyrir leiðsögumanninn, en framkvæma skal hann leiðsöguna svo vel og samvirkusamlega sem unnt er.

19. gr.

Leiðsögumanni ber að leiðbeina skipi til þeirrar hafnar eða til þess staðar sem skipstjóri óskar, og þangað sem honum er skylt að veita því leiðsögu, nema ástæður leyfi það ekki. Sé svo, ber leiðsögumanni að tjá skipstjóra það og veita honum allar upplýsingar um þær hafnir og legustaði, sem hann eftir atvikum getur leiðbeint skipinu til.

Leiðsögumaður má ekki fara af skipi fyrr en það er komið í höfn eða hefir lagzt fyrir traustum akkerum á þeim legustað, sem því er ætlaður, nema annar leiðsögumaður sé kominn á skipsfjöl og hafi tekið að sér leiðsöguna. Þegar leiðsögumaður leggur skipi, skal hann gæta þess, að það sé sem minnst til tálmunar umferð annara skipa og báta.

Nú veitir leiðsögumaður skipi leiðsögu úr höfn og má hann þá ekki án sam-

þykkis skipstjóra fara af skipi fyrr en hann hefir leiðbeint því eins langt og honum er skylt, nema ef skipið neyðist til að snúa aftur til leiðsögustöðvar hans. Þá má hann fara af skipinu, ef skipstjóri þarf ekki þegar aftur á aðstoð hans að halda.

20. gr.

Nú hlekkist skipi á meðan leiðsaga stendur yfir og má þá leiðsögumaður ekki yfirgefa skipið, nema með leyfi skipstjóra. Leiðsögumaður skal án aukabóknunar hjálpa skipstjóra að koma skipi á flot.

Nú hlekkist skipi á þegar leiðsögumaður er ekki á skipsfjöl, en skipstjóri gefur leiðsögumerki, og skal þá leiðsögumaður koma út í skipið, en honum ber ekki skylda til að taka að sér leiðsögu, fyrr en skip er laust. Ef skipstjóri á annan hátt óskar eftir aðstoð leiðsögumanns meðan skipið er á grunni, má leiðsögumaður ekki neita henni, en um greiðslu fyrir hana ber honum að semja við skipstjóra. Nú kallar skipstjóri á leiðsögumann, en notar hann ekki þótt hann komi, og ber honum þó að greiða honum hina ákveðnu þóknun.

21. gr.

Leiðsögumanni ber að vara skipstjóra við að varpa út seglfestu, ösku eða öðru slíku á höfnum og stöðum, þar sem það getur orðið til tálmunar siglingaleiðum. Honum ber að benda skipstjóra á hvar slíku má varpa út. Nú verða leiðsögumenn varir við, að skip varpar út seglfestu, ösku eða öðru slíku þar sem það er ekki leyfilegt og skal hann þá þegar tilkynna það lögreglustjóra. Skipstjóra ber að greiða allan kostnað við að nema burt aftur það, sem varpað hefir verið út í óleyfi, nema það hafi verið gert í neyð til þess að bjarga skipinu, en hafi svo staðið á, ber honum þegar að tilkynna það lögreglustjóra.

Skipstjóri, sem er innan landhelgislinu, skal skýra leiðsögumanni frá heimilisfangi skips, nafni þess, áætlunarstað, og hvaðan það komi, ef óskað er.

IV. KAFLI.

Gjöld fyrir leiðsögu.

22. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu fara eftir gjaldskrá, er ráðherra setur, og skal miða hana við brúttó-stærð skipa, hve djúpt þau rista, leiðsöguleiðina og örðugleika. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun og jafnan nota leiðsögumann, má setja lægra gjald. Fyrir landflutning og heimferð leiðsögumanna er gjaldið ákveðið án tillits til stærðar skipa.

Á tímabilinu 1. apríl til 30. september, að báðum dögum meðtöldum, skal farið eftir sumargjaldskrá. Nú fer leiðsaga skips fram á báðum þessum tímabilum og skal þá fara eftir þeirri gjaldskrá, sem er í gildi þegar leiðsaga byrjar.

Vetrargjaldskrá skal vera $\frac{1}{3}$ hærri en sumargjaldskrá.

Varðskip, herskip og skemintiskip greiða sama leiðsögugjald og önnur skip.

Störf, er leiðsögumenn vinna og gjaldskrá nær ekki til, greiðast eftir samkomulagi milli leiðsögumanns og skipstjóra.

Nú hefir leiðsögumaður ekki komizt á skipsfjöl, heldur leiðbeint með bend-ingum frá bát eða merki frá landi, og greiðir þá skipstjóri eigi að síður fyrir leiðsögu samkvæmt gjaldskrá.

23. gr.

Leiðsögumaður á ekki kröfu á þóknun fyrir starf sitt, ef skip skemmist vegna árekstrar eða kennir grunns meðan leiðsagan stendur yfir, og honum er um að kenna.

24. gr.

Skipstjóra ber að undirrita leiðsögumiða að leiðsögu lokinni og greiða sam-tímis leiðsögugjöld, en leiðsögumaður gefur skipstjóra kvittun fyrir gjöldunum á samrit af miðanum.

25. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðin gjöld áður þeir skilja að lokinni leiðsögu, og ber skipstjóra þá að greiða þessi gjöld tvöföld áður en skip hans er afgreitt á næstu höfn. Fari skip beint til útlanda, gerir leiðsögu-maður ráðuneytinu aðvart, en það gerir ráðstafanir til innheimtu gjaldanna hjá útgerð skipsins.

26. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu og annað, sem stendur í sambandi við hana, renna til leiðsögumanna, nema öðruvísi sé ákveðið.

V. KAFLI.

Um sektir o. fl.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Vitamálastjóri hefir samið frumvarp þetta að mestu og fylgdi því frá honum greinargerð sú, sem felst í bréfi hans, dags. 12. nóv. 1932, sem prentað er sem fylgiskjal I hér á eftir. Er í því tekið fram hið helzta um frumvarpið og þykir nægilegt að vísa til þess. Frumvarpið var sent til umsagnar skipamiðlara-firmanu Faaberg & Jákobsson hér í bænum, sem útvegar flest leiguskip hingað,

og er svar þess prentað sem fylgiskjal II hér á eftir. Þá er prentuð sem fylgiskjal III skrá um leiðsögumannaumdæmi umhverfis landið, eins og vitamálastjóri hefir ætlað til að þeim yrði komið fyrir. Er ætlast til að leiðsögumenn verði á fleiri en einum stað fyrir sum umdæmi og mundi það verða ákveðið síðar hve margir leiðsögumennirnir yrðu og hvar þeir hafi aðsetur. Þykir ekki rétt að lögfesta neitt um umdæmin, heldur sé það á valdi ráðherra að ákveða þau, tölu leiðsögumanna og aðsetursstaði.

Fram að þessu hafa engin almenn leiðsögulög verið til, heldur hefir ráðherra samkvæmt gamalli venju skipað leiðsögumenn á einstöku stað umhverfis landið, þar sem þess hefir sérstaklega þótt þörf. En nú hafa siglingar aukizt svo að ástæða virðist til að gera ráðstafanir til að skip eigi kost á leiðsögu sem víðast umhverfis landið og er stefnt að því með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík 12. nóv. 1932.

Áður hefi ég við og við vakið athygli á því, að tími virðist vera kominn til að koma föstu skipulagi á leiðsögumál landsins. Undanfarið hafa leiðsögumenn verið skipaðir af hinu háa ráðuneyti á nokkrum stöðum á landinu, en tvennu hefir verið ábótavant: annað er það, að verið hefir nokkuð af handahófi hvar leiðsögumenn hafa verið skipaðir, en hitt, að engin ákvæði hafa verið sett um það, hvaða réttindi og skyldur þessir leiðsögumenn skuli hafa. Aðeins í 4 kaupstöðum: Reykjavík, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum er skipulag á hafnsögumálunum samkvæmt lögum og reglugerðum, en þær reglur nú aðeins til hafnsögu, en ekki nema að litlu leyti til leiðsögu til annara hafna. En um hina leiðsögumennina er varla tiltekið fyrir hvaða svæði þeir eru skipaðir.

Um þetta mál hafa á seinni árum við og við borizt erindi frá lögskipuðum leiðsögumönnum um það, á hvern hátt hægt sé að vernda réttindi þeirra gagnvart öðrum, sem kunna að taka upp að leiða skip fyrir borgun. Eitt slíkt erindi frá leiðsögumanninum í Hrisey, dags. 19. marz 1929, er mér á sínum tíma var sent til umsagnar, fylgir hér með.

Ég hefi nú í samráði við samgöngumálaráðherra og í samvinnu við Guðmund B. Kristjánsson skipstjóra og Stýrimannaskólakennara, samið frumvarp það til leiðsögulaga, er hér með fylgir, og sem ég býst við að megi nota sem grundvöll fyrir frumvarpi, er leggja megi fyrir þing. Að nokkru leyti hefi ég stuðst við samsvarandi dönsku lögin, Lov om Lodsvesenet frá 17. april 1916, en að sjálfsögðu er í þeim margt sem ekki á við hjá okkur, en hinsvegar ýmislegt, sem við þurfum að hafa, en sem ekki á við hjá þeim. Ég hefi reynt að gera lagafrumvarpið sem almennast, en geri ráð fyrir að nánari reglur um einstök atriði komi í reglugerð, sem ráðuneytið gefur út, og sem má breyta eftir þörfum án ihlutunar löggjafarvaldsins. En til þess að það sjáist hvað við höfum hugsað okkur um skiptingu á landinu í leiðsöguumdæmi — víða er sem stendur

ekki bein þörf fyrir leiðsögumenn — og hvar leiðsögumenn væru bezt settir, læt ég fylgja yfirlit yfir það skipulag sem við höfum hugsað okkur fyrst um sinn.

Það, sem vakað hefir fyrir okkur, er, að koma skipulagi á málið þannig, að skip er koma til landsins, geti fyrir hæfilega borgun alltaf fengið leiðsögumann á þeim stöðum, sem þeir þurfa á honum að halda, til siglinga á hættusvæðum. Skipin greiða svo mikil afgreiðslugjöld við komu sína frá útlöndum, að full ástæða er til að þau fái eitthvað í aðra hönd, og má þá ekki minna vera en að þeim verði gefinn kostur á að geta komizt leiðar sinnar um mestu hættusvæðiu. Mun það, ef það tekst, geta haft mjög mikla þýðingu fyrir allar samgöngur, jafnvel orðið til þess, að vátryggingagjöld lækki, og komist það í kring, er fljótt orðið um svo stórar upphæðir að ræða, að um munar fyrir landið. — Hins vegar hefi ég reynt að koma því þannig fyrir, að það hafi sem minnstan kostnað í för með sér fyrir rikissjóð, enda geri ég ekki ráð fyrir að hann verði nema ef til vill nokkur skýrsluform, einkennismerki handa leiðsögumönnum og nokkur flöggmerki á bátana.

Frumvarpinu hefi ég skipt niður í 4 kafla: 1. um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn, 2. um réttindi og skyldur leiðsögumanna, 3. um leiðsögu og 4. um greiðslur fyrir leiðsögu.

Í 1. kafla vitnar 1. gr. í væntanlega reglugerð, sem ákveður hvar leiðsöguumdæmi skuli vera, hvar leiðsögumenn skuli sitja og hve margir. Enn fremur er ráðherra heimilt að fyrirskipa leiðsöguskyldu á ákveðnu svæði, ef sérstaklega stendur á.

2. gr. leggur umsjón með leiðsögumönnum undir ráðuneytið, sem skipar þá og vikur þeim frá. En ekki þykir ástæða til að láta það ná til þeirra hafnsögumanna sem skipaðir eru í nokkrum kaupstöðum samkvæmt sérstökum reglugerðum eða lögum. Ég vil gera ráð fyrir, að ráðuneytið einnig framvegis geti sett samsvarandi ákvæði inn í hafnarreglugerðir annara kaupstaða, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr. segir hvaða kröfur skuli gera til leiðsögumanna sem skilyrði fyrir lög-gildingunni, og er þar að mestu farið eftir kröfum þeim, sem gerðar eru í öðrum löndum, enda engin ástæða til að gera minni kröfur hér en annarsstaðar.

4. gr. mælir frekar fyrir um skipun leiðsögumanna og 5. gr. um nokkrar skyldur þeirra gagnvart toll-, heilbrigðis- og vitamálastjórn.

Í 2. kafla eru nánari ákvæði sett um réttindi og skyldur leiðsögumanna yfirleitt, en á þeim er mjög mikil þörf, því engar slíkar reglur hafa áður verið til, og mikið hefir á því borið, að hinir og þessir hafa tekið að sér að leiða skip fyrir borgun, og með því farið inn á verksvið hinna lögskipuðu leiðsögumanna.

6. gr. ákveður að leiðsögumenn fái greiðslu fyrir störf sín samkvæmt gjaldskrá, er ráðuneytið löggildir fyrir hvert svæði, en fyrir leiðsögu út fyrir svæðið er gert ráð fyrir að skipstjóri og leiðsögumaður semji. Nú getur það komið fyrir að skip, sem hefir leiðsögumann í langferð, komi inn á annað leiðsöguumdæmi, þá verður að telja nauðsynlegt að skylda skipstjórann til þess, að kalla jafnframt leiðsögumann svæðisins, til þess að hinn, sem er fyrir um borð, gangi ekki á réttindi hans, enda vafasamt að hann sé nægilega kunnugur til þess að geta

leitt skip á því svæði. En hér er ekki beint um leiðsöguskyldu að ræða, nema því aðeins að skipstjóri hafi annan leiðsögumann með.

7. gr. Æskilegt er talið að 2 lögskipaðir leiðsögumenn séu á hverjum leiðsögustað, en ekki þykir hægt að lögakveða það, því þannig getur staðið á, að það sé ekki hægt. Annar þeirra verður að vera yfirmaður og segja fyrir um leiðsögumennsku á staðnum, en þessa stjórn þykir rétt að mega fela hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar, ef hentugt þykir.

Ákvæðin í 8. og 9. gr. eru samkvæmt erlendum reglum til þess að vernda réttindi leiðsögumanna á leiðsögusvæðum þeirra.

Í 10. gr. er ákveðið um farartæki út í skip. Ákvæðin eru nokkuð öðruvisi heldur en gerist erlendis, en þykja meira við okkar hæfi, a. m. k. fyrst um sinn.

3. kafli, um leiðsöguna almenn, er í öllu verulegu tekinn upp eftir venjulegum reglum.

Einnig í 4. kafla eru ákvæðin um greiðslur tekin upp eftir erlendum reglum, en gert er ráð fyrir að sérstök gjaldskrá verði gefin út fyrir hvert svæði.

Til hliðsjónar hefi ég sett upp skrá yfir leiðsögumenn, sem mér hefir komið til hugar að mest þörf væri fyrir, og þau umdæmi, sem þeir ættu að hafa hver fyrir sig. Geri ég ráð fyrir að farið verði eftir henni í reglugerðinni og gjaldskránni, með þeim breytingum, sem ástæða getur verið til.

Einnig læt ég fylgja skrá yfir gildandi lög og reglugerðir um hafnsögu.

Ég leyfi mér að mælast til þess, að hið háa ráðuneyti vilji taka frumvarp þetta til athugunar, og leggja það fyrir næsta þing, með þeim breytingum, sem nauðsynlegt þykir að gera frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, hér.

Fylgiskjal II.

FAABERG & JAKOBSSON
SHIPBROKERS

Reykjavík, 18. jan. 1933.

Við leyfum okkur hér með að endursenda hinu háa ráðuneyti frumvarp það til laga um leiðsögumenn, er okkur hafði verið sent til umsagnar.

Við höfum lesið frumvarpið og athugað og borið það undir ýmsa útlenda skipstjóra, er hingað hafa siglt á okkar vegum og kunnugir eru íslenskum staðháttum.

Virðast allir vera sammála um það, að mikil bót væri ef fyrirkomulag eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gæti komizt á.

Aðeins eitt verðum við að leggja áherzlu á, frá sjónarmiði útgerðarmanna, sem nú berjast við afskaplega fjárhagslega örðugleika, að leiðsögnin verði ekki gerð skyldubundin (compulsory), og að gjöldum verði stillt svo í hóf, að full

not verði af leiðsögninni, en fátækar útgerðir hliðri sér ekki við henni af sparn-
aðarástæðum.

Að öðru leyti getum við mælt ákveðið með frumvarpinu frá sjónarmiði
okkar viðskiptamanna, og váttryggingarfélagum, sem hafa hagsmuna að gæta
hér við land, ætti þetta fyrirkomulag að vera mjög kærkomið.

Virðingarfyllst.

Faaberg & Jakobsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

Skrá um leiðsögumenn og leiðsöguumdæmi.

Reykjavík fyrir allan Faxaflóa með Reykjavíkurhöfn.

Hafnarfjörður fyrir allan Faxaflóa með Hafnarfjarðarhöfn.

Akranes fyrir allan Faxaflóa, nema Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhöfn.

Hellissandur }
eða } fyrir Sand, Ólafsvík og Grundarfjörð.

Ólafsvík }
Flatey }
eða } fyrir Breiðafjörð innan Grundarfjarðar,
Stykkishólmur } Gilsfjörð og Hvammsfjörð.

Ísafjörður fyrir Ísafjarðardjúp með Ísafjarðarhöfn.

Reykjarfjörður }
Skagaströnd } fyrir Húnaflóa.

Siglufjörður }
Hrísey } fyrir Siglufjörð og Eyjafjörð.
Akureyri }

Húsavík fyrir Skjálfanda.

Kópasker fyrir Axarfjörð.

Raufarhöfn fyrir Distilfjörð.

Fagridalur fyrir Vopnafjörð.

Seyðisfjörður }
Norðfjörður }
Fáskrúðsfj. } svæði frá Glettinganesi til Eystra Horns.
Djúpivogur }

Hornafjörður fyrir Hornafjörð.

Vestmannaeyjar fyrir Vestmannaeyjahöfn.

Stokkseyri fyrir Stokkseyri.

Eyrbakki fyrir Eyrbakka.

Grindavík fyrir Grindavík.